

Áhrif skattabreytinga

Í byrjun júlí mun skattlagning á launatekjur og fjármagnstekjur breytast.

Samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar munu launatekjur umfram 700.000 kr. verða skattlagðar sérstaklega um 8% frá og með 1. júlí 2009, þ.e. svokallaður hátekjuskattur kemur til innheimtu. Skatturinn verður innheimtur mánaðarlega en endurskoðaður í lok árs og þá reiknaður af meðalmánaðartekjum, eða heildartekjum umfram 8,4 milljónir á ári (4,2 milljónir til áramóta 2010).

Fjármagnstekjuskattur verður á sama tíma hækkaður úr 10% í 15% af árlegum fjármagnstekjum. Frítekjumark vegna fjármagnstekna verður 250.000 kr. en var ekkert áður. Fjármagnstekjur verða innheimtar, líkt og áður, þegar ávinnsla fjármagnstekna á sér stað.


Eftir þessar breytingar er líklegt að margir velti fyrir sér hvort hagstætt sé að taka út séreignarsparnaðinn. Við úttekt er greiddur tekjuskattur (37,2%) og fari heildartekjur einstaklings á mánuði yfir 700.000 kr. er innheimtur til viðbótar 8% skattur af því sem er umfram.

Dæmi: Tekin er 1 milljón úr séreignarsjóði mánaðarlega:

	Fyrir breytingu	Eftir breytingu
Lífeyrisgreiðsla	1.000.000	1.000.000
Skattur 37,2%	-372.000	-372.000
Hátekjuskattur 8%	0	-24.000
<u>Persónuafsláttur</u>	<u>42.205</u>	<u>42.205</u>
Heildarútborgun	670.205	646.205

Breyting fjármagnstekjuskatts

Þegar sjóðfélagi tekur ákvörðun um að taka inneign í séreignarsjóði út í einu lagi og umbreyta í hefðbundinn sparnað er fjármagnstekjuskattur með því fyrsta sem veita þarf athygli. Hækkun fjármagnstekjuskatts styrkir enn frekar þá stoð að séreignarsparnaður sé hagstæðasti sparnaðurinn. Af séreignarsparnaði er ekki greiddur fjármagnstekjuskattur líkt og af venjubundnum sparnaði en þegar sparnaðurinn er greiddur út greiða sjóðfélagar tekjuskatt.



Hér sést árlegur ávinningur af séreignarsparnaði umfram hefðbundinn sparnað.

Inneign í upphafi er 1 milljón í báðum sparnaðarformum. Miðað er við 3,5% vexti, 5% verðbólgu, 15% fjármagnstekjuskatt, 37,2% tekjuskatt og 8% hátekjuskatt á tekjur umfram 700.000 kr

Súlnar sýna mismun á inneign eftir að allir skattar hafa verið greiddir. Á fimm árum munar 5% á inneign og 15% á 10 árum.

Hækkun iðgjalds í 6%

Séreignarsparnaðar er skattalega hagkvæmur. Þegar innheimta hátekjuskatts hefst um næstu mánðarmót og tekjuskattur hækkar getur verið skynsamlegt að yfirfara bæði inn- og útgreiðslur úr séreignarsjóði.

Samhliða tímabundinni opnun séreignarsparnaðar í vetur samþykkti Alþingi að heimila launþegum að hækka iðgjöld til séreignarsparnaðar úr 4% í 6% af launum á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Þar sem iðgjöld af launum í séreignarsjóð koma ekki til tekjuskattsútreikninga í hverjum mánuði og getur því verið hagstætt að greiða aukin viðbótariðgjöld í séreignarsjóð á meðan þess gefst kostur og þá sérstaklega fyrir þá sem eru með laun yfir hátekjuskattsmörkum.